

Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs 1. mars 2019.

Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið: Björk Óttarsdóttir (BÓ), formaður stjórnar, Sonja Dögg Pálsdóttir (SDP) frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Anna María Gunnarsdóttir (AMG) frá Kennarasambandi Íslands og Jón Torfi Jónasson (JTJ), skipaður af háskólastiginu. Sigrún Vésteinsdóttir umsýsluaðili Sprotasjóðs sat fjarfund í Háskólanum á Akureyri. Björk setti fundinn kl. 9:40. Sigrún Vésteinsdóttir (SV) var fundarritari.

Svandís Ingimundardóttir (SI) frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga boðaði forföll.

Klárað var að fara yfir síðustu umsóknir sem lágu fyrir og gengið frá upphæðum til úthlutunar fyrir hverja umsókn.

Stjórn ræddi um mikilvægi þess hvernig væri hægt að koma betur áfram upplýsingum til skóla á landsbyggðinni um sjóðinn og hvað það er sem hann styrkir. Einnig var rætt hvaða leiðir væru færar í því að veita þessum skólum stuðning við umsóknarferlið í þá átt að reyna að auka fjölda umsókna frá þeim. Þarf að skoða þetta í samvinnu með Grunni - Félag forstöðumanna skólaskrifstofa. Stjórn sjóðsins telur mikilvægt að þetta sé rætt enn frekar á fundi stjórnar í maí næstkomandi.

AMG talaði um að hún gæti sett sig í samband við skólastjóra framhaldskólanna og rætt hvernig mætti huga að því að fjölga umsóknum frá framhaldskólunum. Mikilvægt að nota skólastjórafélögin til að efla skóla út á landi.

Næsti fundur stjórnar er áætlaður 23. apríl. Áætlað er að á þeim fundi komi inn nýr starfsmaður sjóðsins sem mun taka við af SV og hann muni þá kynna sig fyrir stjórn sjóðsins. Á þeim fundi verður m.a rætt um verklag, upplýsingaflæði ásamt öðru skipulagi. Einnig þarf að ræða hugmyndir varðandi það hvernig megi efla sjóðinn í tilefni 10 ára afmæli hans.

Stjórn telur mikilvægt að sjóðurinn vinni í því að auka og bæta upplýsingaflæði og leiðbeiningar til umsækjenda.

Stjórn telur miður að hafa ekki getað styrkt fleiri góðar umsóknir þ.e. umsækjendur voru ekki að sækja um styrk fyrir kostnaði til sjóðsins sem honum er heimilt að styrkja. Of oft er verið að sækja um styrki fyrir kostnaði sem öðrum sjóðum er ætlað að styrkja eins og námskeiðahaldi fyrir kennara, efniskaupum og námsefnisgerð. Rætt var stuttlega um skiptingu umsókna milli áherslusviða en skiptingin var eftirfarandi:

Efling íslenskrar tungu: 8 umsóknir

Lærdómssamfélag í samvinnu innan eða milli kerfa: 12 umsóknir

Færni til framtíðar: 22 umsóknir

Annað: 2 umsóknir

Stjórn ákvað að fyrir næsta fund yrði farið yfir hvernig megi vinna áfram hugmyndir JTJ sem lúta m.a að bættu upplýsingaflæði sjóðsins til styrkþega, úrbótum á sjóðnum og aukinni samvinnu sjóðsins við fagfélög til að fjölga enn frekar þeim skólum sem nýta sér sjóðinn.

Mikilvægt að sjóðurinn verði sú hvatning fyrir skóla til sprotaverkefna, sem honum er ætlað fremur en úthlutunaraðili fjármagns.

Einnig vill stjórn skoða að styrkja einhver verkefni til tveggja ára, veita einskonar öndvegisstyrki. Í þessu samhengi er mikilvægt að skoða hvernig þetta er gert hjá öðrum sjóðum fyrir næsta fund stjórnar.

BÓ ræddi að það væri gott ef Sprotasjóður gæti verið búinn að ákveða áherslusvið sín í október á næsta ári og kynnt þau á degi kennara sem er í október ár hvert.

Umsýsluaðili mun fara yfir svarbréf til umsækjenda og leggja drög að endurskoðun þeirra með tilliti til þess að bæta inn í já bréf til umsækjenda hvaða kostnaðarpætti sjóðurinn er að styrkja og hverja ekki.

Fundi slitið kl. 14:30